

# Aðalfundur foreldrafélagsins 24. maí 2018

---

Fundur settur kl. 20.00 í húsnæði skólans í Vallargerði

Sigríður Þrúður setur fundinn, Örn Guðmundsson skipaður fundarstjóri og Björg Hilmarsdóttir fundarritari.

## Skýrsla gjaldkera:

Ársreikningur ekki tilbúinn, skoðunarmaður (Helga Guðný) skilar eftir helgi og ársreikningurinn mun vera aðgengilegur á vef skólans (foreldrafélagsins). Farið yfir stöðuna og helstu útgjaldaliði.

Umræður: Verri innheimta félagsgjalda í ár en í fyrra. Mögulegar ástæður: gjaldið hefur hækkað milli ára og gjalddagi er frekar seint (5.júní). Fáir hafa nýtt sér bekkjarstyrki. Einnig rætt um kostnað vegna námsgagna. Almenn ánægja með þetta fyrirkomulag enda til hægðarauka fyrir alla – skóla og foreldra. Á næsta ári mun sveitarfélagið borga.

Gjaldkeri fær umboð til að klára reikninginn með skoðunarmanni - borið undir atkvæði. Samþykkt.

## Skýrsla formanns:

Formaður kynnti stjórnina og stilklaði á stóru yfir stöðuna í vetur. Gekk betur en oft áður að manna bekkjarfulltrúa. Stóru málin í vetur eru húsnæðismálin.

Námskeið fyrir bekkjarfulltrúa var haldið í haust – mælt með því að því verði haldið áfram.

Viðburðir gengu vel og jólaföndrið (foreldrar yngsta stigs) gekk sérlega vel.

Foreldraröltið sett aftur í gang. Samkóp og lögreglan hafa lagt áherslu á mikilvægi foreldraröltis. Fulltrúi stjórnar mætti á fund með lögreglunni. Gekk vel framan af en svo datt botninn úr því í lokin. Þarf að halda betur utan um það.

Vorhátíðin (sem venjulega er í höndum foreldra miðstigs) verður haldin í samstafi við skólann í vor. List-og verkgreinakennarar undirbúa og skipuleggja. Kveðja á gamla skólann og í leiðinni efna til söfnunar til styrktar börnum í Jemen.

Sigríður Þrúður gefur ekki kost á sér áfram sem formaður foreldrafélagsins.

Skýrsla samþykkt. Skýrslan fer á vef skólans (foreldrafélagsins).

## Kosning stjórnar:

Sigríður Þrúður gefur kost á sér í stjórn, Signý Skúladóttir, Fjóla Borg Svavarsdóttir og Björg einnig. Vantar amk. þrjá aðila. Anna Rós Sigmundsdóttir, Helga Guðný Sigurðardóttir og Bergrún Arna Óladóttir gefa kost á sér. Samþykkt einróma.

**Kosning fulltrúa í skólaráð:** Í skólaráði er einn fulltrúi auk fulltrúa úr stjórn. Örn Guðmundsson gefur áfram kost á sér. Samþykkt.

**Kosning endurskoðenda reikninga:** Björg Pálsdóttir gefur kost á sér. Samþykkt.

## Björg Baldursdóttir, skólastjóri Kársnesskóla:

Björg kynnti "Hallirnar" í Vallargerði og hvernig skólahald hefur gengið í færanlegu kennslustofunum. Hún sagði frá starfi stýrihóps og kynntar voru niðurstöður þarfagreiningar fyrir nýtt skólahúsnæði í Skólagerði og þær áætlanir sem eru framundan varðandi húsnæðismál. Niðurrif er hafið á gamla skólanum.

Nýi skólinn verður samrekin leik- og grunnskóli. Forsögn (á heimasíðunni): Margt þarf að hafa í huga; tónlistarstarf, söguaðferð, aðstaða fyrir tólmstundir o.m.fl. Sveigjanleiki skiptir

máli – stækkun, minnkun... allt eftir fólksfjölda á nesinu (óvissa um íbúaþróun). Mikilvægt að hafa í huga að skólinn er miðja samfélagsins.

Áætluð verklok eru e. þrjú til fjögur ár.

Hallargarðurinn – í vetur hefur skólastarfið farið fram í Fannborg, Vallargerði og í 13 lausum stofum á vellinum. Eigum eftir að fá 7 lausar kennslustofur í viðbót sem áætlað er að komi fyrir haustið. Á næsta ári verða 3.-7. bekkur í höllum. Unglingastigið flytur tilbaka úr Fannborg.

20 lausar stofur leysa ekki heilan skóla af hendi og því töluverð þrengsli. Nokkrar breytingar verða því gerðar á húsnaðinu í Vallargerði. T.d. breytingar á matsal, aðstaða fyrir námsráðgjafa og hjúkrunarfræðing o.s.frv.

Björg leiðir hópinn í skoðunarferð í hallirnar.

Formlegum fundi slitið kl. 21:00